

INNFLUTNINGUR HUNDA FRÁ LANDI Í LANDAFLOKKI 1

Eftirfarandi eru leiðbeiningar um innflutning hunda til Íslands frá viðurkenndum útflutningslöndum í landaflokki 1. Sjá yfirlit yfir lönd í landaflokki 1 á s. 5 (liður 8). Nauðsynlegt er að kynna sér vel innflutningsskilyrði áður en undirbúningur innflutnings hefst. Mælt er með að prenta út [vottorðseyðublað D1](#) og kynna sér það vel og hafa leiðbeiningar þessar til hliðsjónar.

Innflutningsleyfi útgefið af MAST skal liggja fyrir áður en hundurinn er fluttur til landsins. Innflytjandi ber ábyrgð á að öll innflutningsskilyrði séu uppfyllt. Séu skilyrði ekki uppfyllt við innflutning getur það haft þær afleiðingar að hundurinn verði sendur tafarlaust úr landi.

- Fyrir innflutning til Íslands skal hundurinn hafa dvalið í landi í landaflokki 1 í a.m.k. 6 mánuði eða frá fæðingu sé um að ræða yngri hund. Ath hvolpur getur uppfyllt innflutningsskilyrði í fyrsta lagi um 4,5 mánaða gamall.
- Ganga þarf úr skugga um að viðkomandi hundategund sé heimil til innflutnings (sjá bls. 6).
- Dýralæknir sem hefur læknisleyfi í útflutningslandi skal framkvæma allar læknismeðferðir sem uppfylla þarf vegna innflutnings, hvort sem um ræðir bólusetningar, sýnatökur, meðhöndlunar eða heilbrigðisskoðun.
- Eingöngu það vottorðseyðublað ([D1](#)) sem útgefið er af MAST vegna innflutnings er tekið gilt.
- Útfyllt og undirritað vottorð ásamt fylgiskjölum skal sent til MAST 5-10 dögum fyrir innflutning til samþykktar.
- Berist tilskilin gögn Matvælastofnun síðar en 5 sólarhringum fyrir áætlaðan komudag er stofnuninni heimilt að synja innflutningi dýrs.
- Leiðbeiningar þessar byggja á [reglugerð nr. 200/2020 um innflutning hunda og katta](#).

1. Umsókn um innflutningsleyfi – greiðsla eftirlitsgjalds

- Fyrsta skrefið í innflutningsferlinu er að sækja um innflutningsleyfi í [bjónustugátt MAST](#). Nota skal rafræn skilríki eða íslykil við innskráningu. Þeir sem búsettar eru erlendis og/eða hafa hvorki rafræn skilríki né íslykil geta notað enskt umsóknareyðublað. Eyðublaðið skal fyllt út, undirritað og sent til petimport@mast.is.
- Æskilegt er að umsókn berist Matvælastofnun a.m.k. 30 sólarhringum fyrir fyrirhugaðan innflutning.
- Upplýsingar um útflutningsland, hundategund og örmerki hunds skulu liggja fyrir þegar sótt er um innflutningsleyfi.
- Þegar umsókn hefur borist Matvælastofnun fær umsækjandi senda greiðslubeiðni vegna eftirlitsgjalds að upphæð kr. 39.270. Gjaldið er vegna umsýslu, innflutningseftirlits á Keflavíkurflugvelli og útskriftarskoðunar í einangrun.
- Þegar greiðsla berst, er innflutningsleyfi gefið út. Innflutningsleyfið er háð þeim skilyrðum að hundurinn uppfylli öll skilyrði vegna innflutnings skv. reglugerð nr. 200/2020.
- Innflutningsleyfið, sem gefið er út á ensku, gildir í eitt ár frá útgáfu þess.

2. Einangrun

- Allir hundar skulu dvelja að lágmarki 14 daga í einangrun.
- Innflytjandi skal sjálfur sækja um pláss í einangrunarstöð með góðum fyrirvara.
- Taka þarf mið af heilbrigðisskilyrðum (tímafrestrum o.p.h) þegar innflutningsdagsetning er ákvörðuð.
- Á Íslandi eru tvær samþykktar einangrunarstöðvar fyrir hunda og ketti:
 - [Einangrunarstöðin í Reykjanesbæ](#) (Höfnum) – s. 421 6949 / 893 6949
 - [Einangrunarstöðin Mösel](#) (Hellu) – s. 868 3360
- Öll dýr sem dvelja samtímis í einangrunarstöð skulu innrituð á þriggja daga tímabili.
- Upplýsingar um komudaga/innritunardagsetningar má finna á vefsíðu viðkomandi einangrunarstöðvar.
- Vakni grunur um alvarlegan smitsjúkdóm í dýri í einangrun er Matvælastofnun heimilt að framlengja dvalartíma, ýmist allra dýra eða eingöngu þess dýrs sem við á og fer það eftir eðli smitefnis.

3. Heilbrigðiskröfur – heilbrigðis- og upprunavottorð (D1)

Mikilvægt er að huga snemma að þeim kröfum sem gerðar eru um bólusettningar, sýnatökur o.fl. þar sem tiltekinn tími þarf að líða frá því að bólusett er og þar til flytja má hundinn til landsins, auk þess sem sýnatökur vegna rannsókna skulu gerðar innan tiltekins tímaramma. Sjá yfirlit yfir heilbrigðiskröfur á s. 6.

Nota skal vottorðseyðublað D1, Certificate of health and origin for import of a dog to Iceland from a category 1 country. Vottorðið skal gefið út af dýralæknir í útflutningslandi. Allir reitir (nema part 11) skulu fylltir út, dagsettir og undirritaðir þar sem við á.

 D1 CERTIFICATE OF HEALTH AND ORIGIN FOR IMPORT OF A DOG TO ICELAND FROM A RABIES FREE COUNTRY (category 1 countries)																																																													
PART 1: IDENTIFICATION OF IMPORTER AND DOG Country of origin: The dog must have remained in a category 1 country since birth or at least 6 months prior to import. Importer (full name as it appears on import permit): _____ Address: _____ Post code: _____ City: _____ Country: _____ Email address: _____ Phone number: _____ Fax number: _____ PART 2: IDENTIFICATION AND ORIGIN OF DOG Country of origin: The dog must have remained in a category 1 country since birth or at least 6 months prior to import. Import permit no.: _____ Date of birth: _____ Sex: _____ Name: _____ Breed: _____ Age: _____ PART 3: DECLARATION BY OWNER / IMPORTER I, the undersigned importer of the dog identified in part 2 of this certificate, declare that the following applies to the dog: <input checked="" type="checkbox"/> The dog has not been treated with any medication during the last 60 days prior to importation except for those required by law. <input type="checkbox"/> Applies to <input checked="" type="checkbox"/> dogs only (check and tick). During the last 60 days prior to importation the dog has not met any other category 1 countries. If it applies, what medications? <input type="checkbox"/> Applies to <input checked="" type="checkbox"/> dogs only (check and tick). During the last 60 days prior to importation the dog has not met any other category 1 countries. If it applies, what medications? <input type="checkbox"/> All the time of importation the dog is neither pregnant nor nursing purpose. As the time of separation the dog will not require treatment or relation to surgery or medical issues (except normal estrus) may affect the dog's health. If it applies, who is in charge of the dog? _____ Place: _____ Date: _____ PART 4: ESTIMATE OF THE PERIOD OF TIME FOR THE DECLARATION AND QUARANTINE REQUIREMENTS The dog has been imported from a rabies-free country. Between day 0 and 11 the dog will be in quarantine. It is possible to apply directly to MAST for permission to arrive outside of these specified dates. Such permission is not guaranteed. This will result in considerable additional costs payable to the importer in addition to the cost of the certificate. Arrival date and place of arrival in Iceland: _____ Flight number: _____ Quarantine reservations at: _____ <input checked="" type="checkbox"/> IAAF (Aviopetrol) <input type="checkbox"/> MAFS (matha) PART 5: VACCINATIONS I, the undersigned authorized veterinarian, confirm that the dog identified in part 2, based upon original vaccination documents and laboratory certificates, fulfills the following requirements as listed in parts 6 & 8. The dog has been vaccinated according to the specific guidelines for each vaccine regarding the age of the dog when vaccinated and the numbers of vaccinations needed to give the dog full protection. The dog has been vaccinated with a licensed primary vaccination regime: a booster to follow-up vaccination, the dog is not considered fully vaccinated and it has been given the booster vaccine within a set timeframe. This applies to all vaccines given during the last 12 months prior to importation. Any subsequent vaccination was carried out solely within the period of validity of the preceding vaccination. A rabies antibody titre test carried out on a blood sample taken less than 28 days after the preceding vaccination, proved an antibody titre equal to or greater than 1:100. The antibody titre test must be submitted with this certificate. Details of the current rabies vaccination and sampling for antibody titre test: Vaccine name: _____ Date of vaccination (dd/mm/yyyy): _____ Valid until (dd/mm/yyyy): _____ <input checked="" type="checkbox"/> 8.10. Other vaccinations Reporting parts 8 & 9: The dog was fully vaccinated in accordance with manufacture directions against the following diseases with the last vaccination given no less than 4 weeks prior to importation. The vaccination must be submitted with this certificate. Vaccination against: _____ Date of vaccination (dd/mm/yyyy): _____ Vaccine name and manufacturer: _____ Valid until (dd/mm/yyyy): _____ <input checked="" type="checkbox"/> 8.2 Leprosisprærie <input checked="" type="checkbox"/> 8.3 Canine distemper <input checked="" type="checkbox"/> 8.4 Infectious canine hepatitis <input checked="" type="checkbox"/> 8.5 Canine parvovirus <input checked="" type="checkbox"/> 8.6 Canine parainfluenza PART 6: LABORATORY TESTS RELATED TO RABIES AND FLEAS I, the undersigned authorized veterinarian, confirm that the dog identified in part 2, based upon original laboratory certificates, fulfills the following requirements as listed in parts 6 & 8. 8.6.1. Brucellosis (Brucella canis) A blood sample drawn within the last 90 days prior to importation has been tested for brucellosis (Brucella canis) with a <input checked="" type="checkbox"/> positive result. The laboratory report must be submitted with this certificate. Reported laboratory method for testing of brucellosis: _____ Name of laboratory: _____ 8.6.2 Leishmaniasis (Leishmania spp.) - APPLICABLE ONLY TO INSECT-BORNED MALES AND FEMALES Leishmaniasis testing is not required for neutered males or females. The veterinarian must confirm the reproductive status of the dog as listed in Part 8. A blood sample drawn within the last 90 days prior to importation has been tested for leishmaniasis (Leishmania spp.) with a <input checked="" type="checkbox"/> positive result. The laboratory report must be submitted with this certificate. Reported laboratory method for testing of leishmaniasis: _____ Name of laboratory: _____ PART 7: PRE-IMPORTATION OF DOGS AND CATS After due enquiry and to the best of my knowledge, all the information in this certificate of health and origin for import of a dog to Iceland, is true. Name, qualification and title of my veterinarian: _____ Competent authority name, address and tel.no.: _____ Place and date of signature: _____ Signature & stamp of authorized veterinarian: _____ PART 8: ENDORSEMENT BY OFFICIAL VETERINARIAN ON BEHALF OF COMPETENT AUTHORITY IN THE COUNTRY OF EXPORT After due enquiry and to the best of my knowledge, all the information in this certificate of health and origin for import of a dog to Iceland, is true. Name, qualification and title of my veterinarian: _____ Competent authority name, address and tel.no.: _____ Place and date of signature: _____ Signature & stamp of official veterinarian: _____ PART 10: SIGNATURE OF AUTHORIZED VETERINARIAN Name, qualification and title of my veterinarian: _____ Email address of authorized veterinarian: _____ Veterinary hospital name, address and tel.no.: _____ Place and date of signature: _____ Signature & stamp of authorized veterinarian: _____ PART 11: ENDORSEMENT BY OFFICIAL VETERINARIAN ON BEHALF OF COMPETENT AUTHORITY IN THE COUNTRY OF EXPORT After due enquiry and to the best of my knowledge, all the information in this certificate of health and origin for import of a dog to Iceland, is true. Name, qualification and title of my veterinarian: _____ Competent authority name, address and tel.no.: _____ Place and date of signature: _____ Signature & stamp of official veterinarian: _____ PART 12: PRE-IMPORTATION OF CERTIFICATE BY THE ICELANDIC FOOD AND VETERINARY AUTHORITY (MAST) Name and date of signature: _____ Signature & stamp of competency officer: _____ <small>Appendix 1: Regulation 2002/2000 on the importation of dogs and cats. Category 1 countries: approved cables free exporting country</small> <table border="1" style="width: 100%; text-align: center;"> <tr> <td>Austria</td> <td>Egypt</td> <td>Ireland</td> <td>Italy</td> <td>Netherlands</td> <td>Spain</td> </tr> <tr> <td>Belgium</td> <td>Czech Republic</td> <td>Denmark</td> <td>Greece</td> <td>Lithuania</td> <td>Sweden</td> </tr> <tr> <td>Bulgaria</td> <td>Hungary</td> <td>Finland</td> <td>Iceland</td> <td>Malta</td> <td>United Kingdom</td> </tr> <tr> <td>Croatia</td> <td>Iceland</td> <td>Iceland</td> <td>Iceland</td> <td>Portugal</td> <td>The Faroe Islands</td> </tr> <tr> <td>France</td> <td>Latvia</td> <td>Latvia</td> <td>Latvia</td> <td>Slovenia</td> <td></td> </tr> <tr> <td>Germany</td> <td>Lithuania</td> <td>Latvia</td> <td>Latvia</td> <td>United Kingdom</td> <td></td> </tr> <tr> <td>Hungary</td> <td>Malta</td> <td>Malta</td> <td>Malta</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td>Iceland</td> <td>Portugal</td> <td>Portugal</td> <td>Portugal</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td>Ireland</td> <td>Slovenia</td> <td>Slovenia</td> <td>Slovenia</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td>Italy</td> <td>United Kingdom</td> <td>United Kingdom</td> <td>United Kingdom</td> <td></td> <td></td> </tr> </table>		Austria	Egypt	Ireland	Italy	Netherlands	Spain	Belgium	Czech Republic	Denmark	Greece	Lithuania	Sweden	Bulgaria	Hungary	Finland	Iceland	Malta	United Kingdom	Croatia	Iceland	Iceland	Iceland	Portugal	The Faroe Islands	France	Latvia	Latvia	Latvia	Slovenia		Germany	Lithuania	Latvia	Latvia	United Kingdom		Hungary	Malta	Malta	Malta			Iceland	Portugal	Portugal	Portugal			Ireland	Slovenia	Slovenia	Slovenia			Italy	United Kingdom	United Kingdom	United Kingdom		
Austria	Egypt	Ireland	Italy	Netherlands	Spain																																																								
Belgium	Czech Republic	Denmark	Greece	Lithuania	Sweden																																																								
Bulgaria	Hungary	Finland	Iceland	Malta	United Kingdom																																																								
Croatia	Iceland	Iceland	Iceland	Portugal	The Faroe Islands																																																								
France	Latvia	Latvia	Latvia	Slovenia																																																									
Germany	Lithuania	Latvia	Latvia	United Kingdom																																																									
Hungary	Malta	Malta	Malta																																																										
Iceland	Portugal	Portugal	Portugal																																																										
Ireland	Slovenia	Slovenia	Slovenia																																																										
Italy	United Kingdom	United Kingdom	United Kingdom																																																										
Page 1 of 2																																																													
1.1.2001																																																													
THIS CERTIFICATE AND TEST REPORTS MUST BE SENT TO MAST BY EMAIL: certification@mast.is NO LESS THAN 5 DAYS BEFORE IMPORTATION																																																													
Page 2 of 2																																																													

Eftifarandi eru skýringar fyrir hvern hluta („part“) af vottorðinu. Sjá yfirlitstöflu með heilbrigðisskilyrðum á s. 6.

- Part 1: Upplýsingar um innflytjanda.** Samræmi skal vera milli upplýsinga í vottorði og á leyfisbréfi.
- Part 2: Upplýsingar um hund, auðkenni hans og útflutningsland.** Dýralæknir skal staðfesta örmerki hundsins og skrá dagsetningu örmerkingar eða aflestrar merks. Örmerkisnúmer skal staðfest af dýralæknir í hvert sinn sem meðhöndlun eða sýnataka vegna innflutnings fer fram. Örmerkið skal uppfylla ISO staðla. „Import permit no.“ er númer innflutningsleyfis útgefið af MAST. Útflutningsland skal tilheyra landaflokki 1.
- Part 3: Yfirlýsing eiganda / umráðamanns hunds í útflutningslandi.** Með undirritun sinni staðfestir eigandi / umráðamaður hunds eftifarandi: að hundurinn hafi dvalið í landi í landaflokki 1 frá fæðingu eða í amk. 6 mánuði fyrir innflutning; að hundurinn hafi ekki parast síðustu 60 daga fyrir innflutning (gildir um ógelda hunda); að við innflutning þurfi hundurinn ekki sérstaka læknißmeðferð og að tíkur séu hvorki hvolpafullar né mjólkandi.
- Part 4: Upplýsingar um áætlaðan komutíma, flugnúmer og einangrunarstöð.**
- Part 5: Bólusettningar**
 - (a) Hundaæði (rabies): bólusettning og mótenamæling.** Hundurinn skal hafa gilda bólusettningu gegn hundaæði, þ.e. hafa hlotið viðeigandi grunnbólusettningu og henni viðhaldið skv. leiðbeiningum framleiðanda bóluefnisins. Bólusettningin skal vera í gildi, þ.e. ekki runnin út þegar mótefnamæling er framkvæmd. Taka skal blóðsýni vegna mótefnamælingar í fyrra lagi 30 dögum eftir bólusettningu. Mótefnamæling skal framkvæmd af rannsóknarstofu sem viðurkennd er af Evrópusambandinu í þessum tilgangi. Mótefni skulu mælast að lágmarki 0,5 a.e./ml (0,5 IU/ml). Niðurstaða

mótefnamælingar gildir svo lengi sem bólusetningu er viðhaldið samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Rannsóknarniðurstaða skal skráð í heilbrigðis- og upprunavottorð og frumrit rannsóknarskýrslu skal fylgja vottorði.

- (b) **Leptospírusýking (leptospirosis), (c) Hundafár (canine distemper, (d) smitandi lifrabólga (infectious canine hepatitis), (e) smáveirusótt (canine parvovirus), (f) parainflúensa (canine parainfluenza).** Hundurinn skal hafa gilda bólusetningu gegn ofangreindum sjúkdómum, þ.e. hafa hlotið viðeigandi grunnbólusetningu og henni viðhaldið skv. leiðbeiningum framleiðanda bóluefnisins. Síðasta bólusetning skal hafa farið fram a.m.k. 14 sólarhringum fyrir innflutning.

- **Part 6: Rannsóknir / sýnataka**

- **Blóðrannsókn vegna brúsellósu (*Brucella canis*):** Í fyrsta lagi 30 sólarhringum fyrir innflutning skal taka blóðsýni úr hundinum og það rannsakað m.t.t. *Brucella canis*. Niðurstaða skal vera neikvæð. Samþykktar rannsóknaraðferðir: IFAT, RSAT, TAT. Neikvæð rannsóknarniðurstaða skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorð og afrit rannsóknarskýrslu á ensku skal fylgja vottorði. ATH! Gera skal ráð fyrir að það taki 2-3 vikur að fá niðurstöður úr rannsókn.
- **Rannsókn vegna Leishmaniosis (*Leishmania spp.*) – ógeldir hundar af báðum kynjum:** Í fyrsta lagi 30 sólarhringum fyrir innflutning skal taka blóðsýni úr hundinum og það rannsakað m.t.t. *Leishmania spp.* Niðurstaða skal vera neikvæð. Samþykktar rannsóknaraðferðir: PCR, ELISA. Neikvæð rannsóknarniðurstaða skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorð og afrit rannsóknarskýrslu skal fylgja vottorði. ATH! Gera skal ráð fyrir að það taki 2-3 vikur að fá niðurstöður úr rannsókn. Sé niðurstaða jákvæð má flytja hundinn inn eftir geldingu. Gelding (þar sem kynkirtlar eru fjarlægðir) skal vottuð af dýralæknini. Hormónagelding er ekki samþykkt.
- Æskilegt er að sýnataka vegna rannsókna fari fram tímanlega fyrir innflutning þar sem gera þarf ráð fyrir bið eftir niðurstöðum, algengt er að slíkt taki 1-3 vikur. Hentugt er að nýta sömu dýralæknisheimsókn og fyrir fyrri sníkjudýrameðhöndlun.

- **Part 7: *Angiostrongylus vasorum*.** Vegna hjarta/lungnaormsins *A. vasorum* þarf annað hvort að taka sýni (blóðsýni/saursýni) til þess að ganga úr skugga um að hundurinn sé ekki smitaður eða láta meðhöndla hundinn gegn sýkingu. Það er undir innflytjanda komið hvor kosturinn er valinn.

- **Sýnataka vegna *A.vasorum*:** Í fyrsta lagi 30 sólarhringum fyrir innflutning skal taka blóðsýni eða saursýni úr hundinum og það rannsakað m.t.t. *A.vasorum*. Niðurstaða skal vera neikvæð. Samþykktar rannsóknaraðferðir: blóðsýni: ELISA, PCR / saursýni: Baermann aðferð. Neikvæð rannsóknarniðurstaða skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorð og afrit rannsóknarskýrslu skal fylgja vottorði. ATH! Gera skal ráð fyrir að það taki 2-3 vikur að fá niðurstöður úr rannsókn.
- **Meðhöndlun vegna *A.vasorum*:** 5-10 sólarhringum fyrir innflutning skal meðhöndla hundinn með lyfi sem skráð er til meðferðar gegn *A. vasorum*. Lyfið skal innihalda virku efnin imidacloprid og moxidectin, t.d. Advocate eða Advantage Multi.

- **Part 8 a): Fyrri sníkjudýrameðhöndlun:** 21-28 dögum fyrir innflutning skal meðhöndla hundinn gegn sníkjudýrum. Meðhöndlun skal ná til innvortis sníkjudýra; þráðorma, bandorma og útvortis sníkjudýra; lúsa, flóa og stórmítla. Sjá sérstakar leiðbeiningar um sníkjudýralyf.

- **Part 8 b): Seinni sníkjudýrameðhöndlun:** 5-10 dögum fyrir innflutning skal meðhöndla hundinn gegn sníkjudýrum. Meðhöndlun skal ná til innvortis sníkjudýra; þráðorma, bandorma og útvortis sníkjudýra; lúsa, flóa og stórmítla. Sjá sérstakar leiðbeiningar um sníkjudýralyf.

- **Part 9 og 10: Heilbrigðisskoðun og útgáfa vottorðs (D1):** 5-10 dögum fyrir innflutning skal hundurinn undirgangast heilbrigðisskoðun; dýralæknirinn skal staðfesta að dýrin séu án ytri sníkjudýra og einkenna smitsjúkdóma. Sérstök skoðun m.t.t. tunguorma (*Linguata serrata*), kláðamítla (*Sarcoptes scabiei* spp.) húðsveppa (*M. canis*, *M. gypseum*, *T. mentagrophytes* og *T. verrucosum*) og smitandi kynfæraæxla (CTVT).

Á sama tíma skal dýralæknirinn gefa út heilbrigðis- og upprunavottorð. Nota skal vottorðseyðublað D1, Certificate of health and origin for import of a dog to Iceland from a category 1 country. Allir reitir í part 1-11

skulu fylltir út, dagsettir og undirritaðir þar sem við á. Niðurstöður rannsókna sem krafist er skulu fylgja með vottorði.

- Part 11 er útfyllt af MAST til staðfestingar á því að innflutningur dýrs hafi hlotið for-samþykki.

4. Vottorð sent til MAST í síðasta lagi 5 dögum fyrir innflutning

- Skannað afrit undirritaðs heilbrigðis og upprunavottorðs ([D1](#)) ásamt rannsóknarniðurstöðum sem við á skal sent MAST til yfirferðar og samþykkis í síðasta lagi 5 sólarhringum fyrir áætlaðan komudag hunds.
- Gögnin skulu send sem viðhengi með tölvupósti til petimport@mast.is
- Berist gögnin síðar en 5 dögum (sólarhringum) fyrir áætlaðan komudag er stofnuninni heimilt að synja innflutningi.
- Gögn vegna innflutnings dýra eru yfirfarin á virkum dögum, á afgreiðslutíma MAST.
- Ef ekki eru gerðar athugasemdir við heilbrigðis- og upprunavottorð, er það undirritað og staðfest af MAST og tilkynning þess efnis send innflytjanda.

5. Flutningur hunds til Íslands / flutningsbúr / fylgigögn

- Gera skal ráðstafanir vegna flutnings hunds til Íslands með góðum fyrirvara.
- Taka skal tillit til bólusetninga og mótefnamælingar m.t.t. tímafresta þegar innflutningsdagsetning er ákvörðuð.
- Eingöngu er heimilt að flytja hunda til landsins með flugi og Keflavíkurflugvöllur er eini samþykkti innflutningsstaðurinn fyrir gæludýr.
- Ef millilenda þarf með hundinn á leiðinni frá útflutningslandi til Íslands, skal innflytjandi kanna hvaða innflutningsskilyrði gilda í viðkomandi landi.
- Flugnúmer, komudag og komutíma skal skrá í heilbrigðis- og upprunavottorð.
- Flutningsbúrið skal uppfylla IATA kröfur og vera nógum stórt til þess að hundurinn geti staðið í því, legið og snúið sér við. Búrið á að vera úr hörðu efni sem ekki getur fallið saman og sem auðvelt er að þrífa og sótthreinsa. Ef ekki er hægt að þrífa og sótthreinsa búrið verður því fargað að loknum innflutningi. Mjúk búr eða hundatökur eru ekki leyfilegar. Nánar má sjá um kröfur til flutningsbúra fyrir gæludýr í reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra.
- Leyfilegur komutími dýra er á milli kl. 06:00 og 17:00 á fyrirfram ákveðnum komudögum. Ef koma utan þess tíma er nauðsynleg þarf að sækja um leyfi með því að senda fyrirspurn í tölvupósti til petimport@mast.is, en slíkt leyfi er ekki alltaf veitt. MAST getur veitt leyfi fyrir komu á milli kl. 17:00 og 21:00 ef starfsfólk er tiltækt, en komur eftir þann tíma verða ekki samþykktar. Þetta felur í sér talsverðan aukakostnað fyrir innflytjanda þar sem innflutningseftirlit verður þá framkvæmt utan venjulegs vinnutíma. Gæludýrum er ekki leyft að dvelja á flugvellinum yfir nótt.
- Eftirfarandi gögn skulu fylgja hundinum til Íslands (í umslagi sem límt er á búrið)
 - Innflutningsleyfi (má vera afrit)
 - Frumrit heilbrigðis- og upprunavottorðs ([D1](#))
 - Frumrit (eða staðfest afrit) rannsóknarskýrslu vegna hundaæðismótefnamælingar
 - Frumrit (eða staðfest afrit) rannsóknarskýrslu annarra rannsókna (B.canis, Leishmania spp. A.vasorum ef við á)
 - Tollskýrsla. Hafi eigandi átt dýrið skemur en 12 mánuði ber honum að greiða virðisaukaskatt af kaupverði dýrsins við innflutning. Innflytjendum er skylt að leggja fram tollskýrslu hjá tollstjóra, þ.á.m. vörureikning þar sem fram koma upplýsingar um nöfn og heimili seljanda og kaupanda, útgáfustað- og dag og hvenær sala fór fram. Ganga skal frá greiðslu áður en dýrið er útskrifað úr einangrun. Vinsamlegast hafið samband við Miðlun hjá Icelandair Cargo ehf. í tollskýrsla@icelandaircargo.is. Hafi innflytjandi átt dýrið lengur en 12 mánuði gæti hann þurft að leggja fram gögn því til staðfestingar.

6. Innflutningseftirlit og flutningur í einangrunarstöð.

Við komu til Keflavíkurflugvallar eru hundar fluttir rakleiðis í móttökustöð gæludýra þar sem innflutningseftirlit fer fram. Eftirlitið felst í því að sannreyna örmerkisnúmer hundsins, að öll tilskilin gögn fylgi hundinum og að hann hafi ekki augljós einkenni smitsjúkdóms. Komi upp athugasemdir við innflutningseftirlit er haft samband við innflytjanda símleiðis. Að loknu innflutningseftirliti eru hundar afhentir flutningsaðila viðkomandi einangrunarstöðvar sem flytur þá í einangrunarstöð.

7. Óheimill innflutningur

Óheimilt er að flytja til landsins:

- Hvolpafullar tíkur og tíkur með hvolpa á spena
- Dýr sem hafa slasast eða undirgengist aðgerðir fyrir innflutning, allt fram að innflutningsdegi, og/eða þarfust aukins eftirlits eða eftirmeðferðar af nokkru tagi, nema með sérstöku leyfi Matvælastofnunar.
- Blendinga af úlfum og hundum í a.m.k. 10 ættliði.
- Hunda af eftifarandi tegundum, svo og blendinga af þeim í a.m.k. fimm ættliði:
 - Pit Bull Terrier/American Staffordshire Terrier/Staffordshire Bull Terrier/American Bulldog
 - Fila Brasileiro.
 - Toso Inu.
 - Dogo Argentino.
 - Cane Corso
 - Presa Canario
 - Boerboel
 - Hunda sem hafa sambærilegan uppruna, líkamsbyggingu og/eða geðslag og ofangreindar tegundir samkvæmt rökstuddri ákvörðun Matvælastofnunar hverju sinni.
 - Hunda sem eru taldir hættulegir að mati Matvælastofnunar hverju sinni. Stofnunin skal rökstyðja ákvörðun sína og taka mið af fyrirliggjandi upplýsingum um viðkomandi hundategund, uppruna hennar og ræktunarmarkið, líkamsbyggingu og geðslag.

Sem dæmi um hundategundir sem Matvælastofnun hefur synjað skv. ofangreindu eru tegundir sem eru mjög skyldar þeim sem eru bannaðar. Vinsamlega leitið upplýsinga hjá stofnuninni ef vafi leikur á um hundategund sem fyrirhugað er að flytja inn.

8. Viðurkennd útflutningslönd í landaflokki 1 skv reglugerð nr. 200/2020 með áorðnum breytingum.

Austurríki, Ástralía, Belgía, Bretland, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Færeyjar, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Japan, Króatía, Kýpur, Lettland, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Malta, Noregur (að Svalbarða frátöldum), Portúgal, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Singapore, Slóvenía, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Tékkland, Þýskaland

9. Nánari upplýsingar um innflutning hunda

- Matvælastofnun, svið markaðsmála að Dalshrauni 1b, 220 Hafnarfirði (s. 530 4800) fer með eftirlit með innflutningi hunda.
- Allar nauðsynlegar upplýsingar um innflutningsskilyrði er að finna á [vef MAST](#).
- Varðandi meðhöndlun, sýnatökur oþh fyrir hvern hund skal leita ráða hjá dýralækni hundsins og hafa til hliðsjónar [vottorðseyðublað D1](#) og [ensku útgáfu leiðbeininga þessara](#).
- Einangrunarstöðvar veita upplýsingar um bókanir og kostnað við einangrun.
- Gögn vegna innflutnings skal senda á petimport@mast.is

YFIRLIT YFIR BÓLUSETNINGAR, SÝNI OG MEÐHÖNDLUN VEGNA INNFLUTNINGS Á HUNDI FRÁ LANDI Í LANDAFLOKKI 1

Bólusetrn./sýni/meðhöndlun (tilvísun í vottorð)	Tímasetning miðað við innflutning	Athugasemd
Rabies bólusetrna (5a)	Bólusetrja í síðasta lagi 45 dögum fyrir innflutning.	Bólusetrna skal vera í gildi, þ.e. ekki útrunnin.
Rabies mótefnamæling (5a)	Blóðsýnataka í fyrsta lagi 30 dögum eftir bólusetrnu.	Niðurstaða $\geq 0,5$ ae/ml Rannsóknarstofa skal vera viðurkennd af ESB.
Leptospirosis (5b)	Síðasta bólusetrna eigi síðar en 14 dögum fyrir innflutning.	Hundurinn skal hafa gilda bólusetrnu gegn ofangreindum sjúkdómum, þ.e. hafa hlutið viðeigandi grunnbólusetrnu og henni viðhaldið skv. leiðbeiningum framleiðanda bóluefnisins.
Canine distemper (5c)		
Inf. canine hepatitis (5d)		
Canine parvovirus (5e)		
Canine parainfluenza (5d)		
Brucella canis (6a)	Blóðsýnataka í fyrsta lagi 30 dögum fyrir innflutning.	Niðurstaða skal vera neikvæð. ATH! Gera skal ráð fyrir 1-3 vikna bið eftir niðurstöðu.
Leishmania spp. (6b)	Blóðsýnataka í fyrsta lagi 30 dögum fyrir innflutning.	Eingöngu krafa fyrir ógelda rakka og tíkur. Niðurstaða skal vera neikvæð. ATH! Gera skal ráð fyrir 1-3 vikna bið eftir niðurstöðu. Sé <i>niðurstaða jákvæð má flytja hundinn inn eftir geldingu</i> .
A. vasorum sýni (7a)	Sýnataka (blóð/saur) í fyrsta lagi 30 dögum fyrir innflutning.	Niðurstaða sýnatöku skal vera neikvæð. Gera skal ráð fyrir 1-3 vikna bið eftir niðurstöðu.
A. vasorum meðhöndlun (7b)	Meðhöndlun 5-10 dögum fyrir innflutning.	Lyf skal vera skráð til meðhöndlunar á A. vasorum og innihalda imidacloprid og moxidectin.
Fyrri sníkjudýrameðhöndlun (8a)	Meðhöndlun 21-28 dögum fyrir innflutning	Meðhöndla skal fyrir innvortis og útvortis sníkjudýrum.
Seinni sníkjudýrameðhöndlun seinni (8b)	Meðhöndlun 5-10 dögum fyrir innflutning	Meðhöndla skal fyrir innvortis og útvortis sníkjudýrum.
Heilbrigðisskoðun og útgáfa vottorðs (9-10)	5-10 dögum fyrir innflutning	Passa að vottorð sé rétt útfyllt og að allar rannsóknarniðurstöður fylgi.
Senda afrit af vottorði til MAST – petimport@mast.is	Í síðasta lagi 5 dögum fyrir innflutning.	Senda skal skannað afrit af fullkláruðu vottorði ásamt rannsóknarniðurstöðum.